



Alþingi
Erindi nr. P 143/376
komudagur 25.11.2013



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2013

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum (áburðareftirlit, fóðureftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög), 140. mál

Samtök iðnaðarins, SI, og Samtök atvinnulífsins, SA, gera sameiginlega eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp:

SI og SA hafa tvisvar áður gefið umsögn um sambærilegt frumvarp. Ekki verður séð að tekið hafi verið tillit til athugasemda samtakanna að öðru leyti en því að samkvæmt þessu nýja frumvarpi þarf stórfellt gáleysi til að leiða til sekta eða fangelsunar frekar en einfalt gáleysi eins og var í fyrri frumvörpum. Það er út af fyrir sig til bóta.

Að öðru leyti ítreka samtökin sínar fyrri athugasemdir.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að fóðurfyrirtæki sem nota aukefni eða forblöndur í fóðurvörur, framleiða lyfjablandað fóður eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra skuli hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun og að til framleiðslu lyfjablandaðs fóðurs þurfi einnig leyfi Lyfjastofnunar. **Það er yfirlýst krafa SI og SA að kerfi eftirlits og starfsleyfa verði einfaldað eins og kostur er. Samtökin leggjast gegn margföldum leyfisumsóknum eins og hér er krafist. Það hlýtur að vera nóg að fá leyfi einnar stjórnvaldsstofnunar til framleiðslu á fóðri.**

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að fóðurfyrirtæki og aðilar sem starfa við sýnatöku, rannsóknir og greiningu á fóðri tilkynni Matvælastofnun ef í umhverfissýnum, sem tekin eru í eða við fóðurfyrirtæki, greinast örverur sem geta borist í dýr og þannig valdið sjúkdómum í mönnum. Krafa um tilkynningaskyldu vegna umhverfissýna er nýlunda og með því ákvæði telja Samtökin að gengið sé lengra en ábyrgð framleiðandans nær til. Fóðurframleiðandi er ábyrgur fyrir framleiðslu sinni, að hún uppfylli kröfur um öryggi og heilnæmi og að örverur, sem geta valdið mönnum eða skepnum heilsutjóni, berist ekki inn í framleiðsluhúsnæði. Fóðurframleiðanda ber ekki skylda til að taka umhverfissýni og hann getur ekki talist ábyrgur fyrir að fuglar driti ekki á jörðina í nágrenni framleiðsluhúsnæðis. Eins og kemur fram í umfjöllun með frumvarpinu taka sumir framleiðendur umhverfissýni til eigin nota en niðurstöður úr þeim mælingum eiga ekki erindi til annarra. Verði framleiðendur skyldaðir til að tilkynna opinberum eftirlitsaðila ef hættulegar örverur greinast í umhverfi mun það án efa draga úr vilja til að láta greina umhverfissýni. **SI og SA mótmæla kröfu um tilkynningaskyldu vegna greiningar hættulegra örvera í umhverfissýnum.**

Í **11. gr.** frumvarpsins eru heimildir Matvælastofnunar til refsinga og stjórnvaldssekta rýmkaðar mjög frá því sem nú er. Samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að leggja allt að 10 milljón króna sekt á einstaklinga og 25 milljón króna sekt á lögaðila fyrir brot. Þetta eru mun hærra upphæðir og strangara orðalag en í gildandi lögum. Í gildandi lögum eru sektarupphæðir ekki tilgreindar en heimild er til sektar ef brot eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Þá er í gildandi lögum ákvæði um að sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skuli þau að auki varða fangelsi allt að tveimur árum.

Samtökin sjá ekki þörf fyrir heimildir til svo harkalegra aðgerða. Ólíklegt verður að teljast að einstaklingar séu tilbúnir að veita slíkum fyrirtækjum forstöðu eigi þeir á hættu stórfelldar sektir eða fangelsi fyrir brot af gáleysi. Ákvæði gildandi laga hlýtur að teljast nægilegt til að koma í veg fyrir andvaraleysi eða ásetningsbrot.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Pétur Reimarsson,
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Ragnheiður Hédinsdóttir,
forstöðumaður matvælasviðs



Sigurður B. Halldórsson, hrl.